



Landsbankinn

Fréttabréf Heiðarskóla - Maí 2011

Ábm. Sigurbjörg Róbertsdóttir deildarstjóri

Skólaslit Heiðarskóla

Föstudaginn 3. júní verða skólaslit Heiðarskóla haldin á sal skólans. Foreldrar og forráðamenn eru hjartanlega velkomnir með börnum sínum.

Nemendur mæti til skólaslita sem hér segir:

Kl. 9:00 7., 8. og 9. bekkur
Kl. 10:00 4., 5. og 6. bekkur
Kl. 11:00 1., 2. og 3. bekkur

Útskrift 10. bekkinga

Útskrift 10. bekkinga í Heiðarskóla er kl. 13:30 föstudaginn 3. júní. Foreldrar og forráðamenn eru hvattir til að mæta með börnum sínum og eiga ánægjulega stund í skólanum þennan síðasta skólalag þeirra í grunnskóla.

Boðið verður upp á veitingar að loknum skólaslitum.

Gryfjan

Fyrir rúmu ári síðan sótti Heiðarskóli um styrk í Manngildissjóð Reykjanesbæjar fyrir verkefnið „Lærum og leikum úti í náttúrunni“.

Verkefnið miðar að því að „Gryfjan“ sem er manngert svæði við Heiðarberg verði nýtt af Heiðarskóla til náms og leikja. Hugmyndir skólans eru þær að gera svæðið heppilegt til útikennslu með þátttöku nemenda og að ferðir á svæðið verði fastur liður í starfi skólans. Verkefni þetta er unnið í samvinnu við Umhverfissvið Reykjanesbæjar. Þá höfum við einnig átt gott samstarf við Sigurjón Þórðarson hjá Skógræktarfélagi Suðurnesja.

Á þessu skólaári höfum við aðallega unnið að undirbúningi. Skipuð var nefnd, sem hefur fundað reglulega á skólaárinu, þar sem línurnar hafa verið lagðar varðandi skipulag svæðisins og ýmsa vinnu. Nú hefur Heiðarskóli fengið úthlutað úr Yrkjusjóði æskunnar til ræktunar landsins, rúmlega 1400 plöntum. Einnig hefur skólinn keypt 300 plöntur þessu til viðbótar. Allar þessar plöntur verða gróðursettar nú í lok maí.

Mánudaginn 23. maí fóru allir nemendur og starfsfólk skólans í skrudgöngu út í Gryfju. Tilgangur með þessari ferð var að hefja formlega það starf sem framundan er í Gryfjunni. Þegar þangað var komið, mynduðum við stóran hring í botni Gryfjunnar og kveiktum lítinn varðeld, sem átti að tákna yfirráð Heiðarskóla yfir svæðinu.

Þetta er spennandi verkefni sem skólinn er að byrja á og vonandi á Gryfjan eftir að verða sú útivistarsvæði sem við gerum okkur vonir um.



SKÓLALEIKAR KEFLAVÍKUR

Fimmtudaginn 5. maí tóku nemendur í 5. - 7. bekk þátt í Skólaleikum Keflavíkur. Þetta er fyrsta árið sem slíkar leikar eru haldnir en vonandi það fyrsta af mörgum. Keppt var í dodgeball, reiptog, boccia, körfuboltaskotkeppni og boðhlaupi. Nemendur Heiðarskóla stóðu sig vel og lentu í 2. sæti og hlutu áhorfendaverðlaun fyrir mikinn stuðning við sitt lið.



Nemendur í 1. bekk fá hjálma að gjöf

Nemendur í 1. bekk fengu hjálma að gjöf frá Kiwanishreyfingunni. Fulltrúar hennar og Krissi lögga komu og afhentu hjálmana. Nemendur fengu einnig leiðsögn í hvernig á að nota hjálminn rétt.

Krakkar, muna að nota alltaf hjálmana!

4. bekkur með bangsana sína

Nemendur í 4. bekk hafa verið að sauma bangsa í textílmenn. Hér má sjá myndir af stoltum krökkum með bangsana sína.



Árshátíð Heiðarskóla

Árshátíð Heiðarskóla var haldin 25. mars. Fjöldmörg skemmtileg atriði voru sett á svið og leikritið Ekkert rugl—bara rokk var frumsýnt við þetta tækifæri. Leikritið er byggt á bókinni Stelpurokk eftir Bryndísi Jónu Magnúsdóttur.



3. bekkur á listasafninu

Nemendur í 3. bekk skelltu sér á listahátíð barna á Listasafni Reykjanesbæjar



Frábær árangur í Skólahreysti



Fimmta árið í röð stóðu nemendur Heiðarskóla sig frábærlega í úrslitum í Skólahreysti. Lið Heiðarskóla lauk keppni í 4. sæti sem er frábær árangur. Til hamingju!

Þökkum samstarfið

Starfsfólk Heiðarskóla þakkar nemendum og foreldrum fyrir samstarfið á skólaárinu sem er að ljúka. Skólasetning næsta haust verður mánudaginn 22. ágúst en nánari tímasetning verður auglýst í staðarblöðunum í ágúst. Skóladagatal næsta skólaárs er birt hér í þessu fréttabréfi og gott er að geyma það. Við vonum að allir hafi það gott á komandi sumri og við sjáumst glöð og sæl næsta haust.

Bókaskil

Þegar líður að sumarfrí er mikilvægt fyrir okkur í skólanum að fá inn allar bækur í eigu skólans. Þetta á bæði við um bókasafnsbækur og fjölnota kennslubækur sem nemendur hafa fengið afhentar. Á mörgum heimilum leynast bækur sem nemendur hafa fengið lánaðar í gegnum árin. Við viljum biðja foreldra og nemendur að fara yfir bækur og annað skóladót og skila því sem tilheyrir skólanum.



AGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NOVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRIL		MAI		JÚNÍ	
1 M	Fridagur verslunama	1 F		1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 F	1 F	1 S	1 Þ	1 S	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ	1 S	1 Þ	1 F	1 S
2 Þ		2 F		2 S	2 M	2 F	2 M	2 F	2 F	2 F	2 M	2 F	2 F	2 F	2 M	2 M	2 M	2 M	2 M	2 L	2 L
3 M		3 L		3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 L	3 F	3 Þ	3 F	3 L	3 F	3 F	3 Þ	3 F	3 F	3 F	3 S	3 S
4 F		4 S		4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 L	4 S	4 M	4 Þ	4 S	4 M	4 L	4 S	4 M	4 F	4 F	4 F	4 M	4 M
5 F		5 M		5 M	5 L	5 M	5 F	5 S	5 M	5 F	5 Þ	5 M	5 S	5 M	5 M	5 F	5 L	5 L	5 L	5 Þ	5 Þ
6 L		6 Þ		6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 M	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 Þ	6 F	6 S	6 F	6 S	6 S	6 S	6 M	6 M
7 S		7 M		7 F	7 M	7 M	7 L	7 Þ	7 M	7 L	7 Þ	7 M	7 Þ	7 M	7 M	7 L	7 M	7 M	7 M	7 F	7 F
8 M		8 F	Dagur fæðis	8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 F	8 S	8 M	8 F	8 M	8 F	8 F	8 S	8 Þ	8 Þ	8 Þ	8 F	8 F
9 Þ		9 F		9 S	9 M	9 F	9 M	9 F	9 F	9 M	9 F	9 F	9 F	9 F	9 F	9 M	9 M	9 M	9 M	9 L	9 L
10 M		10 L		10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 L	10 F	10 L	10 F	10 Þ	10 F	10 F	10 F	10 S	10 S
11 F		11 S		11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 L	11 S	11 M	11 L	11 S	11 M	11 L	11 S	11 M	11 L	11 F	11 F	11 M	11 M
12 F		12 M		12 M	12 L	12 M	12 F	12 M	12 M	12 F	12 M	12 L	12 S	12 M	12 M	12 F	12 L	12 L	12 L	12 Þ	12 Þ
13 L		13 Þ		13 F	13 S	13 Þ	13 M	13 F	13 Þ	13 M	13 F	13 Þ	13 M	13 F	13 Þ	13 M	13 F	13 S	13 S	13 M	13 M
14 S		14 M		14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 M	14 L	14 Þ	14 M	14 M	14 M	14 M	14 L	14 M	14 M	14 M	14 F	14 F
15 M	Starfsdagur	15 F		15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 F	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 S	15 M	15 Þ	15 Þ	15 Þ	15 F	15 F
16 Þ	Starfsdagur	16 F		16 S	16 M	16 F	16 M	16 F	16 F	16 M	16 F	16 F	16 F	16 F	16 F	16 M	16 M	16 M	16 M	16 L	16 L
17 M	Starfsdagur	17 L		17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 F	17 F	17 L	17 L	17 Þ	17 F	17 F	17 F	17 S	17 S
18 F	Starfsdagur	18 S		18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 L	18 S	18 M	18 L	18 M	18 L	18 S	18 M	18 F	18 F	18 F	18 M	18 M	18 M
19 F	Starfsdagur	19 M	Sap. 10.b. ísl.	19 M	19 L	19 M	19 F	19 M	19 M	19 F	19 S	19 S	19 M	19 M	19 M	19 F	19 L	19 L	19 L	19 Þ	19 Þ
20 L		20 Þ	Sap. 10.b. Ens.	20 F	20 S	20 F	20 M	20 F	20 Þ	20 F	20 M	20 M	20 M	20 Þ	20 M	20 F	20 S	20 S	20 S	20 M	20 M
21 S		21 M	Sap. 10.b. Stað.	21 F	21 M	21 M	21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 M	21 M	21 M	21 M	21 L	21 M	21 M	21 M	21 F	21 F
22 M	Skólaseining	22 F	Sap. 4.+7.b. ísl.	22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 F	22 S	22 M	22 M	22 M	22 F	22 M	22 S	22 Þ	22 Þ	22 F	22 F	22 F
23 Þ		23 F	Sap. 4.+7.b. Stað.	23 S	23 M	23 F	23 M	23 F	23 F	23 M	23 F	23 F	23 F	23 F	23 M	23 M	23 M	23 M	23 M	23 L	23 L
24 M		24 L		24 M	24 F	24 L	24 M	24 L	24 L	24 Þ	24 F	24 F	24 F	24 L	24 M	24 Þ	24 F	24 F	24 F	24 S	24 S
25 F		25 S		25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 L	25 S	25 M	25 L	25 M	25 L	25 S	25 M	25 M	25 F	25 F	25 F	25 M	25 M
26 F		26 M		26 M	26 L	26 M	26 F	26 S	26 M	26 F	26 S	26 M	26 M	26 M	26 M	26 F	26 L	26 L	26 L	26 Þ	26 Þ
27 L		27 Þ		27 F	27 S	27 F	27 M	27 M	27 Þ	27 F	27 M	27 M	27 M	27 M	27 M	27 F	27 S	27 S	27 S	27 M	27 M
28 S		28 M		28 F	28 M	28 M	28 L	28 Þ	28 M	28 L	28 M	28 M	28 M	28 M	28 M	28 L	28 M	28 M	28 M	28 F	28 F
29 M		29 F	Samskiptidagur	29 L	29 M	29 F	29 S	29 M	29 F	29 S	29 M	29 M	29 M	29 F	29 M	29 S	29 Þ	29 Þ	29 M	29 F	29 F
30 Þ		30 F		30 S	30 M	30 F	30 M	30 L	30 F	30 M	30 M	30 M	30 F	30 M	30 M	30 M	30 M	30 M	30 M	30 L	30 L
31 M				31 M	31 M	31 L	31 M	31 M	31 L	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M	31 F	31 F	31 F	31 F	31 F

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.
Sérstakir starfsdagur kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hlífðunni af kjarasamningum.
Starfsdagur kennara utan starfstíma nemenda eru 8.